

Formáli ritstjóra

Það er mér sönn ánægja að kynna efni síðara heftis *Ritradar Guðfræðistofnunar* á árinu 2019. Um er að ræða 49. hefti *Ritradarinnar* frá því að hún kom fyrst út árið 1988, eða fyrir 31 ári. Í þessu hefti er að finna sex greinar, eina á ensku og fimm á íslensku, auk þriggja ritdóma. Það er ástæða til að benda lesendum á að nú hafa verið tekin upp svokölluð doi-númer, sem nú er orðið algengt að birta í heimildaskráum þegar vitnað er í greinar. Þetta auðveldar framtíðarlesendum *Ritradarinnar* að vitna í greinar í ritinu og þar með aftur lesendum þeirra að hafa uppi á þeim. Þetta verður vonandi til þess að *Ritröðin* nýtist enn betur en áður við störf í fræðaheimi okkar.

Fyrsta greinin er byggð á fyrirlestri sem Mark Burrows, prófessor við háskólann í Bochum í Þýskalandi, hélt á vegum Guðfræðistofnunar í október 2018. Prófessor Burrows, sem er sérfræðingur í kristinni miðaldamystík, er líka ljóðskáld og á þessu hausti kom út, í þýðingu Péturs Péturssonar prófessors, ljóðabók hans, *The Chance of Home* (2018), sem á íslensku kallast *Heima hér*. Í grein sinni, sem Burrows nefnir „Transfigurations of Love: Beauty, Desire, and Union with God“, fjallar hann um þann vanda sem við stöndum frammi fyrir í upphafi 21. aldar, þegar við viljum tala um reynsluna af sambandi okkar við Guð. Á tímum þegar samskipti fara í auknum mæli fram á samskiptamiðlum, virðist tungumálinu ógnað vegna ofnotkunar og/eða misnotkunar, sem leiðir gjarnan til merkingarleysis og sambandsleysis milli einstaklinga, en einnig við okkur sjálf og milli okkar og Guðs. Burrows vill meina að hér sé ráð að leita á náðir fagurfræðinnar, sem opnar leiðina inn á við, þar sem hið líkamlega og andlega mætist, og veitir okkur innsýn inn í það hvað full mennska, það sem stundum hefur verið kallað „eining við Guð“ (lat. *unio mystica*), felur í sér.

Grein Gunnars J. Gunnarssonar, prófessors á Menntavísindasviði Háskóla Íslands, fjallar um kvikmynd Martins Scorsese, *Silence*, sem er byggð á samnefndri skáldsögu eftir japanska rithöfundinn Shusaku Endo. Eins og titill greinarinnar, „Glíman við þögn Guðs í kvikmynd Martins Scorsese, *Silence*“, gefur til kynna, fjallar greinin um það hvernig Scorsese tekst á við glímuna við fjarveru og þögn Guðs andspænis reynslunni af böli og þjáningu út frá rómversk-kaþólskum bakgrunni sínum. Þá er það niðurstaða Gunnars að það virki vel að nota samsömum við Krist sem túlkunarramma fyrir þessa kvikmynd Scorseses.

Nýútskrifaður doktor í guðfræði og styrkþegi Rannís, Haraldur Hreinsson, hefur þýtt sögulegar ritdeilur guðfræðinganna Adolfs von Harnack (1851–1930) og Karls Barth (1886–1968) frá 1923 og skrifað inngang og skýringar við þýðinguna. Hér er um að ræða ritdeilur tveggja áhrifamikilla guðfræðinga sem voru talsmenn ólíkra guðfræðistefna á fyrri hluta 20. aldar. Annars vegar er um að ræða frjálsslyndu guðfræðina, sem hafði verið áhrifamikil í Vestur-Evrópu frá því um miðja 19. öld, og hins vegar díalektísku guðfræðina, sem Karl Barth kom fram með í kjölfar fyrri heimsstyrjaldarinnar sem andsvar við frjálsslyndu guðfræðinni, en Adolf von Harnack var einn af helstu hugmyndasmiðum hennar á þessum tíma.

Hjalti Hugason prófessor skrifar um umræðuna um aðskilnað ríkis og kirkju á 20. öld í tveimur greinum, og skoðar sérstaklega sjónarmið sem færð voru fyrir aðskilnaði í þeirri fyrri, sem birtist í þessu hefti. Hin síðari, sem fjallar mestmegnis um andstæð sjónarmið,

þ.e. þá sem voru andvígir aðskilnaði, verður svo birt í næsta hefti. Talsmenn aðskilnaðar komu bæði úr hópi þeirra sem voru hliðhollir kirkjunni og hinna sem settu sig upp á móti henni. Rökin með aðskilnaði voru af ýmsum toga, m.a. guðfræðileg eða trúarleg, en einnig byggð á stjórnarskrárvörnum réttindum manna til trúfrelsis og andstöðu við fjárhagslegan stuðning ríkisins við kirkjuna.

Í grein sinni „Gyðingurinn Páll: Nýjustu viðhorf í rannsóknum á postulanum og gyðinglegu samhengi hans“, skrifar Rúnar M. Þorsteinsson prófessor um nýjar áherslur í rannsóknum á Páli postula. Rúnar segir að þessum nýju áherslum sé ætlað að svara þeim andgyðinglegu viðhorfum sem hafa einkennt hefðbundinn skilning á Páli og boðskap hans. Það nýja sem hér er vísað til er ýmist nefnt „hið róttæka nýja viðhorf til Páls“ (e. *The Radical New Perspective*) eða „Páll innan gyðingdóms“ (e. *Paul within Judaism*), þar sem áhersla er lögð á hið gyðinglega samhengi bréfa Páls og að Páll hafi hvorki yfirgefið gyðingdóm né hafnað honum, heldur hafi hann áfram verið gyðingur eftir að hann tók trú á Jesú sem messías. Boðskapur Páls hafi því ekki, samkvæmt þessum nýju áherslum, verið settur fram í „kristnu“ samhengi þar sem kristindómurinn sem slíkur hafi ekki verið orðinn til þegar Páll skrifaði bréfin.

Kristið friðarstarf og friðarguðfræði er viðfangsefni Sólveigar Önnu Bóasdóttur prófessors í grein sem hún ritar um framlag Alkirkjuráðsins til friðarguðfræði kristinna kirkna. Í fyrri hluta greinarinnar er fjallað um átaksverkefni Alkirkjuráðsins 2001–2010, *Áratugur til að sigrast á ofbeldi: Kirkjur til móts við sátt og frið*, en í þeim síðari er kastljósinu beint að afurð átaksverkefnisins, sem kynnt er í ritinu *Réttlátur friður* sem kom út 2012. Sólveig Anna segir að það sem er nýtt í ritinu um réttlátan frið sé sú staðreynd að Alkirkjuráðið hafni þar hinni aldagömlu hugmynd um „réttlátan frið“ og kynni í staðinn hugmyndina um „róttæka friðarhyggju“ þar sem gengið er út frá því að friður sé hið sanna og rétta verkefni kirknanna. Þar sem réttlæti og friður heyra saman þarf að leggja áherslu á sambandið þar á milli í öllu starfi kirkjunnar, ekki síst meðal barna og unglunga.

Fyrstur af þremur ritdómum í þessu hefti er ritdómur Arnfríðar Guðmundsdóttur um bók Mary Robinson, fyrrverandi forseta Írlands, sem í dag er sérstakur talsmaður Sameinuðu þjóðanna um loftslagsmál. Í bók sinni *Climate Justice: Hope, Resilience, and the Fight for a Sustainable Future* (2018) segir Robinson sögur um einstaklinga sem hafa orðið fyrir barðinu á hamfarahlýnun og baráttu þeirra fyrir loftslagsréttlæti. Gunnlaugur A. Jónsson skrifar ritdóm um bókina *The Exodus: How It Happened and Why It Matters* (2017) eftir Richard Elliott Friedman. Í þessari bók færir höfundur m.a. rök fyrir því að exodus-atburðurinn hafi átt sér stað í raun og veru, en um það hafa menn lengi deilt í gamlamenteisfræðum. Þriðji og síðasti ritdómurinn í þessu hefti er eftir Sólveigu Önnu Bóasdóttur en þar fjallar Sólveig Anna um splunkunýja bók Andra Snæs Magnasonar, *Um tímann og vatnið* (2019), sem hún kallar „páfabréf fyrir upplýstan almenning“. Sólveig Anna skrifar m.a.: „Bók Andra Snæs stendur vel undir því að kallast páfabréf í þess orðs bestu merkingu. Hún er allt í senn boðandi, vekjandi og vísindaleg en umfram allt einlæg tilraun til að miðla merkingu óskiljanlegra orða og hugtaka í samtímanum um hamfarahlýnun og áhrif hennar á líf á jörðinni.“

Það er einlæg ósk mín að lesendur njóti lestursins.

Arnfríður Guðmundsdóttir